

Kaldrananeshreppur  
Holtagötu  
520 Drangsnes

Reykjavík, 6. mars 2024  
UST202402-354/A.B.  
10.04.02

**Efni: Lýsing - Breytingar á aðalskipulagi Kaldrananeshrepps 2010 - 2030 vegna frístundabyggðar á Skarði og íbúðarbyggðar við Vitaveg**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Kaldrananeshrepps er barst 20. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu vegna breytingar á aðalskipulagi Kaldrananeshrepps 2010 - 2030 vegna frístundabyggðar á Skarði og íbúðarbyggðar við Vitaveg. Um er að ræða í báðum tilvikum leiðréttingu og breytingu á aðalskipulagi og deiliskipulagi.

Í greinargerð kemur fram breytingin nær til frístundasvæðis FS9 þar sem nýtt 8 ha svæði verður skilgreint frístundasvæði og verður heildarstærð því um 30 ha. Lóðafjöldi verður aukinn miðað við blöndu stærri og minni lóða.

Auk þess verður svæði ÍS5 stækkað úr um 4 ha. í um 7 ha. og íþróttasvæðið minnkað.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir ofangreinda lýsingu og gerir ekki athugasemdir við hana.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson  
**sérfræðingur**